

**Nd.**

**168. Nefndarálit**

um frv. til laga um námsskeið fyrir atvinnulausa unglunga í bæjum og kaup-  
túnum.

Frá 2. minni hl. menntamálanefndar.

Fyrir nefndinni lágu engin gögn, sem bentu til þess, að hér væri um nauð-  
syn að ræða, og bendir enda ýmislegt á hið gagnstæða. Verði þær breytingar  
gerðar á lögum um gagnfræðaskóla, sem frv. á þskj. 155, 2. gr., fer fram á,  
sýnist nægilega séð fyrir, að ungmennum veitist kostur á að sækja slíka kennslu,  
sem stefnt er að með frv., og virðist sú leið hentugri til lausnar í þessu efni.

Ég legg því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 16. marz 1935.

Pétur Halldórsson.